

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. apríl 2024 í máli nr. 77/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 8. ágúst 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að lás sem keyptur var af varnaraðila sé haldinn galla og gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum lásinn auk þess að honum verði gert að greiða skaðabætur vegna málsins. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 9. ágúst 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 9. ágúst 2023. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila og síðari athugasemdir varnaraðila bárust sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, myndbandsupptökur, umboð, afrit af reikningi, dags. 29. júní 2022 og staðfesting á greiðslu.

Með bréfi, dags. 10. apríl 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls festi sóknaraðili kaup á [...] láshúsi auk [...] kúplingu (hér eftir vísað til „láss“) af varnaraðila þann 29. júní 2022. Greiddi sóknaraðili varnaraðila samtals 43.425 krónur fyrir.

Að sögn sóknaraðila er lásinn haldinn framleiðslugalla sem hefur leitt af sér verulegt tjón fyrir móður hans, en lásinn var settur upp í útidyrhurð hennar. Sóknaraðili heldur því fram að honum hafi tekist að sanna framleiðslugalla á lásnum og bendir á að brotin fjöður sé í öllum lásnum, bæði notuðum og ónotuðum, auk þess sem lyftanlegt lok á lásnum sé illa steypt sem valdi því að lásinn læsist og virkar ekki sem skyldi. Sóknaraðili bendir á að sama galla megi finna í fjölda lása af sömu gerð og því sé málið mjög stórt að umfangi. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila og farið á verkstæði þeirra með lásinn en honum hafi verið neitað um endurgreiðslu vegna þess að lásinn hafi verið opnaður. Í andsvörum varnaraðila hefur verið bent á að ábyrgð fyrirtækisins sé niður fallin eftir að vara hefur verið tekin í sundur.

IV

Lagarök

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur

teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili festi kaup á lás af varnaraðila og greiddi 43.425 krónur fyrir. Sóknaraðili telur lásinn haldinn framleiðslugalla og hefur, undir rekstri málsins, lagt fram myndbönd til að styðja við fullyrðingar sínar um galla á umræddum lás. Myndböndin sýna meðal annars hurðarhún sem hangir laus og að atviksbundið kunnir að vera hvort hægt sé að opna lásinn og því mögulegt að notandi læsist úti. Að mati kærunefndarinnar sýna myndböndin að lásinn sé ónothæfur. Í athugasemdum varnaraðila við myndbönd sóknaraðila kemur fram að ábyrgð fyrirtækisins falli niður þegar búið sé að opna lášúsið, enda sé ekki hægt að vita hvað hefur gerst í framhaldinu.

Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir telur kærunefndin ljóst að umþrættur lás henti ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og sé því haldinn galla, sbr. 15. og 16. gr. nkpl. Varnaraðili hefur vísað til þess að ábyrgð seljanda hafi verið niður fallin sökum þess að lásinn hafi verið opnaður áður en sóknaraðili skilaði lásnum og krafðist endurgreiðslu. Kærunefndin bendir á að það standi varnaraðila nær að sanna þær fullyrðingar en varnaraðili hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á slíkt. Eins og mál þetta er vaxið telur kærunefndin að galli lássins sé ekki óverulegur í skilningi 32. gr. nkpl., enda nýtist hann sóknaraðila ekki og er því fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna og endurgreiðslu kaupverðs að fjárhæð 43.425 krónur.

Sóknaraðili gerir auk þess kröfu um að varnaraðila verði gert að bæta það tjón sem hefur orðið vegna þess að lásinn hefur ekki virkað á heimili móður hans. Það hvílir á sóknaraðila að sýna fram á að varnaraðili hafi valdið tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi sinni. Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á tjón sóknaraðila þrátt fyrir beiðni kærunefndar. Af þeim sökum telur kærunefndin ekki annað fært en að hafna kröfu sóknaraðila um skaðabætur.

VI
Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 43.425 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson